



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarsamkomu
í Íþróttahúsi Bolungarvíkur
í tilefni vígslu Bolungarvíkurganga
25. september 2010**

*Ávarpið var flutt blaðlaust.
Endurrit af upptöku.*

Ágætu ráðherrar
Alþingismenn
Forystumenn í sveitarstjórnnum
en umfram allt Bolvíkingar, Ísfirðingar
og aðrir Vestfirðingar

Til hamingju með daginn. Til hamingju með þessa sögulegu stund. Til hamingju með tímamótin, tækifærin og framtíðina sem þau færa ykkur í hendur og okkur öllum, þjóðinni.

Fyrir okkur sem ólumst upp hér fyrir vestan og munum þá daga þegar vegurinn var opnaður um Óshlíðina fyrir sextíu árum, munum hið hræðilega slys sem varð á fyrsta ári þess vegar, þegar grjótið kom niður fjallið og ungt íþróttafólk lét lífið, fyrir okkur sem munum þessi ár, ólumst upp við óttann að fara veginn á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, ólumst upp við hræðsluna og minningarnar, slysin, þá er þessi stund hér í dag ekki venjuleg stund, heldur stund mikilla tilfinning og minninga.

Líka gleðistund til að fagna. Þrátt fyrir erfiðleikana á þessum áratugum, röskri hálfri öld, sem liðnir eru hefur þjóðinni þrátt fyrir allt; þrátt fyrir brattann sem oft hefur verið framundan, miðað svo fram veginn að hér stöndum við í dag, nýbúin að fara um þessi glæsilegu göng.

Samt er svo stutt síðan að vegur var lagður að hér er með okkar í salnum ísfirskur öldungur sem fyrir rúmum sextíu árum var í þeirri sveit sem kom með hakana og skóflurnar, byrjuðu að þjakka í hlíðinni, skref

fyrir skref uns vegurinn, þessi hættulegi vegur, var í höfn. Það er ekki lengra síðan. Við höfum hann með okkur hér í dag; tæplega níræður en man þó þessa daga.

Þess vegna er hugur minn í dag ekki bara með ykkur sem hér eru saman komin heldur líka með kynslóðunum sem trúðu á Vestfirði, gáfust ekki upp og voru tilbúnar að leggja mikið á sig til þess að framfararskrefin yrðu stigin eitt af öðru, líkt og hann og félagar hans fóru skrefið með hakana og skóflurnar fyrir sextíu árum.

Ég man þá tíð ungar hér á Vestfjörðum þegar vegirnir lokuðust á haustin, milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, milli Suðureyrar og Flateyrar og Þingeyrar í október og opnuðust ekki aftur fyrr en í júní að ári. Ekki var hægt að komast milli fjarðanna nema með skipum, fiskiskipum eða togurum, með Esjunni eða Heklunni.

Ef þeirri stund sem við höfum nú lifað hér í dag hefði verið lýst fyrir kynslóðunum sem þá börðust fyrir málefnum Vestfjarða fullyrði ég að enginn þeirra hefði trúað að slík stund myndi renna upp. Þetta er þess vegna mikil sigurstund fyrir Vestfirði, fyrir þjóðina, fyrir Íslendinga.

Hún á að vera okkur tilefni til að láta ekki erfiðleika líðandi stundar vaxa okkur í augum, missa ekki kjarkinn þótt á mótí blási; vera okkur tilefni til að sjá hvað hægt er að gera, hverju við getum komið í verk, hvernig þessi nýju göng leggja grundvöll að nýrri framtíð, ekki bara fyrir þá sem búa í byggðarlögunum sitt hvorum megin við göngin, heldur fyrir Vestfirði alla. Nýja framtíð í menntamálum, félagsmálum, atvinnumálum, nýja framtíð í ferðaþjónustu og fleiri sviðum sem samfélagið hér vestra hefur helgað sér.

Nú er verkefnið í anda þeirra sem fóru skrefin með hakana og skóflurnar fyrir sextíu árum að á þessari nýju öld verði þetta mikla og glæsilega mannvirki burðarás í nýju blómaskeiði fyrir vestfirskar byggðir. Þessi göng voru reist vegna unga fólksins, nýrra kynslóða og framtíðarinnar.